



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Ákvörðun nr. 13/2017

Staðsetning bréfabakka að Engjavöllum 5a og 5b

221 Hafnarfirði

I.

Forsaga

Mál þetta varðar kvörtun, dags 8. mars, húsfélagsins að Engjavöllum 5a og 5b í Hafnarfirði (mál nr. 2017040045).

Með bréfi, dags. 5. janúar 2017, sendi Íslandspóstur ohf., (hér eftir ÍSP), eftirfarandi tilkynningu til fjölmargra húsfélaga í Vallarhverfi Hafnarfirði:

„Engir póstkassar eru fyrir viðtakendur pósts að [...] 221 Hafnarfirði og því óskum eftir því [sic] að þú kynnir þér meðfylgjandi greinar, fyrir hönd hússtjórnar [...], úr byggingarreglugerð og lögum um pósthjónustu og bregðist við eigi síðar en **01.04.2017**.

Pósturinn óskar eftir því að póstkassasamstæða verði sett upp til að fyrirtækið neyðist ekki til að stöðva útburð eins og lög og reglur gera ráð fyrir.

Ákvörðun þessa er hægt að kæra til Póst- og fjarskiptastofnunar sem hefur eftirlit með póstmálum og framkvæmd laga um pósthjónustu.“

II.

Kvörtun

Með tölvupósti, dags. 8. mars kvartaði húsfélagið Engjavellir 5a. og 5b. Í kvörtuninni kom m.a fram að húsið væri byggt með opnum stigagangi þannig að hvorki væri hægt koma fyrir né gert ráð fyrir póstkassasamstæðu. Af því leiddi að bréfalúgur væru á öllum hurðum eins og gert væri ráð fyrir á eignaskiptayfirlýsingu.

Kvörtun þessi er ein af mörgum sem bárust til PFS vegna kröfu ÍSP um að settar verði upp bréfabakassasamstæður á jarðhæð ella yrði póstútburði hætt.

Samhliða kvörtun Húsfélagsins að Engjavöllum 5a og 5b, bárust einnig kvartanir frá eftirfarandi húsfélögum: Burknävöllum 17C, Þrastarási 16, Berjavöllum 2, Daggurvöllum 6A, Daggurvöllum 6B, Þrastarási 75, Svöluási 1A og Svöluási 1B.

Fjallað verður um allar þessar kvartanir sameiginlega þó að leyst verði úr hverri kvörtun fyrir sig með sjálfstæðri ákvörðun. Helgast það m.a. af sjónarmiðum um aðild og kærurétt hvers og eins, en ekki er sjálfgefið að aðilar máls líti svo á að sömu sjónarmið eigi að gilda í öllum tilvikum. Því var talið rétt að aðskilja málin.

III. Málsmeðferð

1.

Almennt

Með bréfi, dags. 21. mars óskaði PFS eftir umsögn Byggingarfulltrúans í Hafnarfirði. Í bréfinu upplýsir stofnunin að hún hafi til meðferðar kvartanir frá nokkrum húsfélögum fjölbýlishúsa í Hafnarfirði.

Stofnunin lýsti málavöxtum með eftirfarandi hætti í bréfi sínu:

„Málavextir eru þeir að Íslandspóstur hefur boðað það að hætta að bera út póst í þessi tilteknu fjölbýlishús þar sem fyrirtækið telur að staðsetning bréfastofna sé ekki í samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar. Af þeim sem fengu tilkynningu frá Íslandspósti, hafi nokkrir einstaklingar og/eða húsfélög kvartað til Póst- og fjarskiptastofnunar, sbr. 10. gr. laga um Póst- og fjarskiptastofnun nr. 69/2003 þar sem hinu gagnstæða er haldið fram, þ.e. að frágangur á bréfalögum sé í samræmi við ákvæði byggingareglugerðar og í einhverjum tilvikum er einnig vísað til þess að úttekt hafi farið fram, sjá nánar afrit af kvörtunum. Um er að ræða fjölbýlishúsin að Berjavöllum 2., Þrastarási 16, Daggurvöllum 6A og 6Bm Engjavöllum 5A og 5B og Burknävöllum 17c.“

Ágreiningsefnið snýr að meðfylgjandi ákvæði í byggingarreglugerð nr. 112/2012, nánar tiltekið grein 6.13.1.

„Í þéttbýli og annars staðar þar sem pósthúsur fer fram skulu vera kassar eða bréfarifur fyrir móttöku bréfastofna á eða við útihurðir ein-, tví- og þríbýlishúsa. Þar sem tvær íbúðir eða fleiri hafa sameiginlegt aðalanddyri skulu vera bréfastofnasamstæður fyrir allar íbúðir sem nýta aðkomuna. Sama á við í atvinnuhúsnæði þar sem fleiri en einn hefur starfsstöð.“

Bréfarifur fyrir móttöku bréfastofna skulu vera minnst 25x 260 mm að stærð og staðsettar þannig að fjarlægð frá gólfi (jörðu) að neðri bréfarifu sé ekki minni en 1.00 m og ekki meiri en 1.20 m.

Bréfastassamstæður bygginga skulu staðsettar á aðalinngangshæð. Lýsing við bréfastamstæðu skal vera fullnægjandi.

Mannvirkjastofnun skal gefa út leiðbeiningar um framkvæmd þessarar greinar. Póst- og fjarskiptastofnun óskar hér með eftir álitum byggingarfulltrúans í Hafnarfirði á því hvort að það fyrirkomulag sem nú er á staðsetningu bréfastassa/bréfastalúgu, í ofantöldum fjölbýlishúsum, sé í samræmi við ofangreint ákvæði byggingarreglugerðarinnar og/eða hvort þetta fyrirkomulag hafi komið til einhverrar skoðunar við lokaúttekt á eignunum, sbr. 3.9. kafli byggingarreglugerðar. Í þeim tilvikum þar sem viðkomandi fjölbýlishús hafa verið byggð í tíð eldri löggjafar vísast til sambærilegra ákvæða í hinni eldri löggjöf.

Jafnframt er óskað eftir álitum á því hvar aðalanddyri er í viðkomandi fjölbýlishúsum í skilningi byggingarreglugerðar.“

Afrit af bréfi PFS var sent til kvartanda, ÍSP sem og Mannvirkjastofnunar.

Með bréfi PFS, dags. 4. apríl 2017, til Umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðar tilkynnti stofnunin að henni hafi borist fleiri sambærilegar kvartanir, nánar tiltekið frá íbúum að Svöluási 1a, Svöluási 1b og Prastarási 75. Óskaði stofnunin því eftir að umsögnin tæki einnig til aðstæðna í þessum tilteknu fjölbýlishúsum.

2.

Umsögn Byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar

Umsögn Byggingarfulltrúans barst með bréfi, dags. 5. júlí 2017., í því sagði m.a.:

„Þær fasteignir sem um ræðir í bréfi PFS eru byggðar á árunum 2001 til 2004 í gildistíð reglugerðar nr. 441/1998.

Í gr. 80.2 um bréfastassa í byggingarreglugerð nr. 441/1998 sagði

„Póstkassar og bréfastarifur skulu vera í samræmi við reglugerð um grunnpóstþjónustu. Á aðaluppdrætti fjöleignarhúsa skal sýna hvar í aðalanddyri megi koma fyrir póstkössum og dyrasímum“

Grein 80.2. í byggingarreglugerð nr. 441/1998 var breytt 8. febrúar 2002 með reglugerð nr. 133/2002 og var eftir breytingu svohljóðandi:

Bréfastassi er kassi í eða við aðsetur viðtakanda ætlaður fyrir móttöku bréfastapóstsendinga. Í þéttbýli og annars staðar þar sem póstútbúur fer fram er sett það skilyrði fyrir útbúri að kassar eða bréfastarifur séu á eða við útihurðir ein-, tví- og þríbýlishúsa, en þar sem fleiri en þrjár íbúðir hafa sameiginlegan inngang skulu húseigendur setja upp bréfastassamstæður. Sama á við í atvinnuhúsnæði þar sem fleiri en einn aðili hefur starfstöð. Bréfastarifur skulu vera minnst 25´260 mm að stærð og staðsettar þannig að

fjarlægð frá gólfi (jörðu) að neðri jaðri bréfarifu sé ekki minni en 1000 mm og ekki meiri en 1200 mm.

Bréfabakassasamstæður skulu staðsettar á neðstu hæð sem næst aðalanddyri svo bréfberi geti óhindrað komist að og athafnað sig við skil bréfabóstsendinga. Lýsing við kassasamstæðu skal vera fullnægjandi og eigi lakari en almennt er krafist í göngum og stigahúsum fjölbylishúsa.

Við hverja bréfarifu og/eða á hverjum kassa skal vera skilti eða gluggi, minnst 26'100 mm að stærð, þar sem tilgreint er með stóru og skýru lettri fullt nafn húsráðanda og annarra sem hjá honum búa. Ennfremur skal í fjöleignarhúsum tilgreina númer og auðkenni hæðar. Eigendur (íbúar) fjöleignarhúsa skulu sjá um, að kassarnir séu rétt merktir á hverjum tíma og ber þeim einnig að útvega íbúaskrá fyrir viðkomandi hús. Innbyrðis staðsetning kassanna skal vera sem eðlilegust t.d. kassi fyrir íbúð á fyrstu hæð neðstur til vinstri í samstæðunni o.s.frv. Kassarnir skulu vera læstir og samstæðan vel fest við vegg, svo að útilokað sé að bréf falli aftur fyrir hana.

Staðsetning kassasamstæðu á vegg skal vera þannig, að hæð frá gólfi að neðri jaðri neðstu bréfarifu sé ekki minni en 700 mm og hæð frá gólfi að efri jaðri efstu bréfarifu sé ekki meiri en 1750 mm. Staðsetning einstakra kassa skal vera þannig að hæð frá gólfi að neðri jaðri bréfarifu sé ekki minni en 1000 mm og að efri jaðri bréfarifu ekki meiri en 1200 mm.“

Eins og sést á ofanrituðu þá var í grein 80.2 eftir breytingu 2002 vísað til þess, að þar sem þrjár eða fleiri íbúðir hefðu sameiginlegan inngang skyldi setja upp bréfabakassasamstæðu og skyldu þær þá vera staðsettar á neðstu hæð sem næsta aðalanddyri.

Í þeim fjölbylishúsum sem hér um ræðir og vísað er til í erindi PFS, er fyrirkomulag húsanna hvað ofangreint varðar með tvennum hætti.

Annars vegar eru það fjölbylishúsin, Þratarási 16, Daggarvöllum 6A og 6B, Engjavöllum 5A og 5B og Burknavöllum 17c, sem reist eru án þess að þar sé nokkuð það sem getur talist vera sameiginlegur inngangur. Í þessum húsum er opinn stigagangur utanhúss beint frá gangstíg á jarðhæð með beinu aðgengi að hverri íbúð og eru íbúðir jafnt á jarðhæð og hæðum fyrir ofan. Er bréfalúga staðsett á útidyrarhurð hvernar íbúðar. Ljóst er að í húsunum er ekkert anddyri og því ekki hægt að gera kröfu um að í húsunum verði komið fyrir bréfabakassasamstæðu skv. ofangreindu ákvæðu byggingarreglugerðar. Verður ekki annað séð en að fyrirkomulag á staðsetningu bréfalúga í húsunum sé í fullu samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar.

Hins vegar er um að ræða fjölbylishúsið við Berjavelli 2, en þar hefur verið reist anddyri. Umrætt anddyri er ólæst og er opið inn á stigapall og lyftu innanhúss og er þar greiður aðgangur að hverri íbúð fyrir sig. Auk þess er í húsinu að finna opinn stigagang að utanverðu, beint frá jarðhæð, með beinu aðgengi að hverri íbúð. Eru bréfalúgur staðsettar með sama hætti og í öðrum húsum sem fjallað hefur verið um, þ.e. á útidyrarhurð hvernar íbúðar. Ljóst er að íbúar í umræddum húsum þurfa ekki að nýta sér aðkomu í gegnum umrætt anddyri heldur geta notað opinn stiga að utanverðu. Einnig er aðalinngangur einnar íbúðar í húsinu að Berjavöllum 2 á

jarðhæð og er ljóst að íbúar þeirrar íbúðar nota ekki anddyri hússins. Þá er stór bílakjallari undir sama húsi en gengið er út úr honum á öðrum stað en í gegnum umrætt anddyri.

Í ljósi ofangreinds dregur byggingarfulltrúi neðangreinda ályktun:

„Af framangreindri lýsingu er ljóst að í umræddum húsum er ekki „*sameiginlegt aðalanddyri*“ og því ekki hægt að gera kröfu um að í húsunum verði komið fyrir bréfastassamstæðu skv. ofangreindu ákvæði byggingarreglugerðar. Verður ekki annað séð en að fyrirkomulag á staðsetningu bréfastalúga í húsinu sé í fullu samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar.

Ekki verður séð að ofangreint fyrirkomulag hafi komið sérstaklega til skoðunar við framkvæmd lokaúttektar á eignunum, sbr. kafla 3.9 í byggingarreglugerð, að öðru leyti en að fyrirkomulagið hafi verið talið uppfylla ofangreint ákvæði byggingarreglugerðar.

Í bréfi PFS er óskað eftir áliti Hafnarfjarðarbæjar á því hvar „*aðalanddyri*“ sé í viðkomandi fjölbýlishúsum í skilningi byggingarreglugerðarinnar. Í þessu sambandi skal fyrst bent á að samkvæmt ákvæðum byggingarreglugerðar er engin skylda að koma fyrir aðalanddyr á jarðhæð fjölbýlishúsa.

Að öðru leyti og með vísan til þess sem rakið hefur verið hér að framan er ljóst að í umræddum fjölbýlishúsum er ekki að finna sameiginlegan inngang né aðalanddyri.“

3.

Tölvupóstur PFS

Með tölvupósti PFS, dags. 17. júlí 2017 sendi stofnunin fyrirspurn til byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar þar sem spurt var hvort umsögnin næði ekki líka til fjölbýlishúsanna Svöluás 1a, Svöluás 1b og Þrastarás 75. En þessi fjölbýlishús voru ekki talin upp í umsögn byggingarfulltrúa. Svar barst þann 18. júlí 2017, þar sem staðfest var að svo væri.

4.

Athugasemdir Íslandspósts ohf.

Með bréfi ÍSP, dags. 15. september 2017, bárust PFS síðan athugasemdir ÍSP við umsögn Byggingarfulltrúans, en fyrirtækið hafði áður fengið frest til að skila henni inn, þar sagði m.a.:

„Í tengslum við ofangreinda umsögn byggingarfulltrúa skal bent á að í byggingarreglugerð nr. 441/1998 var kveðið á um að í aðaluppdráttum fjöleignarhúsa skyldi gera grein fyrir hvar í aðalanddyri koma mætti fyrir póstkössum o.fl., sbr. og síðar rgl.133/2002, sem kvað nánar á um útfærslu þessa. Þar var kveðið á um að kassar eða bréfarifur væru við útihurðir í ein-, tví- eða þríbýlishúsum, en þar sem fleiri en þrjár íbúðir hafi sameiginlegan inngang skyldu settar upp bréfastassamstæður, sem skyldu staðsettar á neðstu hæð sem

næst aðalanddyri „svo bréfberi geti óhindrað komist að og athafnað sig við skil bréfaþóstsendinga“. Í sambærilegu ákvæði nágildandi reglugerðar, nr. 112/2012, gr. 6.13, segir að þar sem tvær íbúðir eða fleiri hafa sameiginlegt aðalanddyri skulu vera bréfaþóstsamstæður fyrir allar íbúðir sem nýta aðkomuna.“

Í ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 16/2010 nr. 16/2010 varðandi staðsetningu bréfaþósts fyrir Bjallavað 13-17, 110 Reykjavík og ÍSP telur vera fordæmisgefandi, segir:

„Í umsögn byggingarfulltrúans kemur m.a. fram að fjölbýlishúsið að Bjallavaði 13-17 uppfylli ekki ákvæði byggingarreglugerðar þegar kemur að staðsetningu bréfaþósts. Vísaði byggingarfulltrúi m.a. til þess að gengið væri að íbúðum ofan jarðhæðar um þrjú stigahús og síðan eftir svalagöngum. Taldi byggingarfulltrúi að þar sem fleiri en þrjár íbúðir hefðu aðgengi um hvert stigahús eigi bréfaþósts að vera staðsettir á jarðhæð í hverju stigahúsi, sbr. ákvæði gr. 80.2 í byggingarreglugerð nr. 441/1998 m.s. breytingum. Tók byggingarfulltrúi jafnframt fram að þetta gildi einnig fyrir þær íbúðir sem á jarðhæð væru.“

Aðstæður í þessum tveimur málum þ.e. ákvörðun 16/2010, og málsnúmer 2017010073 eru sambærilegar að mati Íslandsþósts:

„Það skal áréttað að við túlkun og skýringu umræddra ákvæða byggingarreglugerðar verður ekki séð að unnt sé að leggja til grundvallar eingöngu einhvers konar orðabókartúlkun á orðinu anddyri eða þ.u.l., heldur veri jafnframt að líta til tilgangs og markmiðsskýringa, þ.e. að átt sé við sameiginleg svæði eða sameiginlega aðstöðu í fjöleignarhúsum, þar sem unnt er að koma fyrir bréfaþósts og íbúar fjöleignarhúsa nýta sem aðkomu eða fara um. Þannig verður ekki fallist á að hér skipti máli orðaskýring orðabókar Menningarsjóðs á fordyri (forstofu) enda telur Íslandsþóstur það koma nægjanlega skýrt fram að um sameiginlegan inngang sé að ræða og því beri að fylgja byggingarreglugerð í þessum máli eins og fram kemur hér að framan.“

Jafnframt vísaði ÍSP til 65. gr. laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. og að gert hafi verið áhættumat á starfi bréfbera. Niðurstaða þess hafi verið sú að vinnuaðstæður bréfbera hafi verið óásættanlegar í þeim tilfellum þegar póstlúgur/póstkassar væru ekki samkvæmt ákvæðum byggingarreglugerðar.

IV. Niðurstaða

1.

Almennt

Heimild kvartanda til að bera ágreiningsefnið undir Póst- og fjarskiptastofnun byggir á 10. gr. laga um Póst- og fjarskiptastofnun nr. 69/2003. Samkvæmt ákvæðinu geta neytendur eða aðrir

sem hagsmuna hafa að gæta, beint kvörtun til Póst- og fjarskiptastofnunar, ef þeir telja að fjarskiptafyrirtæki eða póstrekkandi brjóti gegn skyldum sínum samkvæmt lögum um fjarskipti eða lögum um pósthjónustu, eða gegn skilyrðum sem mælt er fyrir um í almennum heimildum, réttindum eða í rekstrarleyfi. Póst- og fjarskiptastofnun er skylt að leita álits viðkomandi fyrirtækis á kvörtuninni og skal jafnframt freista þess að jafna ágreining aðila.

Íslandspóstur hf. er opinbert hlutafélag að fullu í eigu íslenska ríkisins. Í lögum um pósthjónustu nr. 19/2002, reglugerð um alþjónustu nr. 364/2003 og í rekstrarleyfi fyrirtækisins, dags. 3. desember 2007, er skyldum fyrirtækisins að því er varðar þjónustuna og gæðum hennar lýst.

Samkvæmt rekstrarleyfi Íslandspósts, dags 3. desember 2007, skal Íslandspóstur gegna skyldum ríkisins, skv. 6. gr. laga um pósthjónustu og tryggja öllum landsmönnum á jafnræðisgrundvelli aðgang að alþjónustu, með ákveðnum gæðum og á viðráðanlegu verði. Þær kröfur sem eru á Íslandspósti undir merkjum alþjónustu eru m.a. skylda til að halda úti neti afgreiðslustaða, sbr. reglur nr. 504/2003, lágmarksopnunartími afgreiðslustaða, ásamt skyldu til að setja upp póstkassa til móttöku á póstsendingu á landinu öllu.

Samkvæmt 21. gr. laga um pósthjónustu skal Póst- og fjarskiptastofnun tryggja að alls staðar á landinu sé alla virka daga borinn út póstur sem fellur undir skilgreiningu á alþjónustu nema kringumstæður og landfræðilegar aðstæður hindri slíkt. Þá er í 31. gr. laganna fjallað um móttöku og afhendingu póstsendinga. Í 4. mgr. er kveðið á um að póstsendingu skuli dreift til eða afhent þeim aðila sem hún er stíluð á eða hefur umboð til viðtöku hennar, í bréfastassa eða pósthólf viðtakanda eða þangað sem að utanáskrift segir að öðru leyti til um. Í loka málslíð 4. mgr. er tekið fram að póstrekkanda sé heimilt að endursenda póstsendingar ef bréfarifur og bréfastassar viðtakanda eru ekki í samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar.

2.

Ákvæði byggingarreglugerðar

Í umsögn byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar kemur fram að þau fjölbýlishús sem um ræðir hafi verið byggð á árunum 2001 til 2004. Á þeim tíma var í gildi byggingarreglugerð nr. 441/1998. Í grein 80.2 var að finna eftirfarandi ákvæði um bréfastassa, sem taka verður hér mið af enda meginreglan sú að breytingar á ákvæðum byggingarreglugerðar eru ekki afturvirkar. Ákvæðið hljóðar svo:

„Bréfastassi er kassi í eða við aðsetur viðtakanda ætlaður fyrir móttöku bréfastótsendinga. Í þéttbýli og annars staðar þar sem pósthjónusta fer fram er sett það skilyrði fyrir útburði að kassar eða bréfarifur séu á eða við útihurðir ein-, tví- og þrjúbýlishúsa, en þar sem fleiri en þrjár íbúðir hafa sameiginlegan inngang skulu húseigendur setja upp bréfastassasamstæður. Sama á við í atvinnuhúsnæði þar sem fleiri en einn aðili hefur starfstöð. Bréfarifur skulu vera minnst 25 260 mm. að stærð og staðsettar þannig að fjarlægð frá gólfi (jörðu) að neðri jaðri bréfarifu sé ekki minni en 1000 mm. og ekki meiri en 1200 mm.

Bréfastassasamstæður skulu staðsettar á neðstu hæð sem næst aðalanddyri svo bréfberi geti óhindrað komist að og athafnað sig við skil bréfastótsendinga.

Lýsing við kassasamstæðu skal vera fullnægjandi og eigi lakari en almennt er krafist í göngum og stigahúsum fjölþýlishúsa.

Við hverja bréfarifu og/eða kassa skal vera skilti eða gluggi minnst 26 *100 mm að stærð, þar sem tilgreint er með stóru og skýru letri fullt nafn húsráðanda og annarra sem hjá honum búa. Ennfremur skal í fjöleignarhúsum tilgreina númer og auðkenni hæðar. Eigendur (íbúar) fjöleignarhúsa skulu sjá um, að kassarnir séu rétt merktir á hverjum tíma og ber þeim einnig að útvega íbúaskrá fyrir viðkomandi hús. Innbyrðis staðsetning kassanna skal vera sem eðlilegust t.d. kassi fyrir íbúð á fyrstu hæð neðstur til vinstri í samstæðunni o.s.frv. Kassarnir skulu vera læstir og samstæðan vel fest við vegg, svo að útilokað sé að bréf falli aftur fyrir hana.

Staðsetning kassasamstæðu á vegg skal vera þannig, að hæð frá gólfi að neðri jaðri neðstu bréfarifu sé ekki minni en 700 mm. og hæð frá gólfi að efri jaðri efstu bréfarifu sé ekki meiri en 1750 mm. Staðsetning einstakra kassa skal vera þannig að hæð frá gólfi að neðri jaðri bréfarifu sé ekki minni en 1000 mm. og að efri jaðri bréfarifu ekki meiri en 1200 mm.“

3.

Um umsagnir byggingarfulltrúa

3.1. Umsögn byggingarfulltrúans í Reykjavík

Hliðstætt ágreiningsefni og uppi er í því máli sem hér er til umfjöllunar var tekið til ákvörðunar í ákvörðun PFS nr. 16/2010. Í því máli leitaði PFS eftir umsögn byggingarfulltrúans í Reykjavík á því hvernig bæri að skilja grein 80.2. í byggingarreglugerð með tilliti til mögulegrar staðsetningar bréfabúnaðs. Í svari byggingarfulltrúans kom eftirfarandi fram:

„Í fjölþýlishúsinu [X] háttar svo til að gengið er að íbúðum ofan jarðhæðar um þrjú stigahús og síðan eftir svalagöngum að íbúðum oft kallað svalagangahús. Telur embætti byggingarfulltrúa að þar sem fleiri en þrjár íbúðir hafi aðgengi um hvert stigahús eigi póstkassar að vera staðsettir á jarðhæð í hverju stigahúsi, sbr. ákvæði gr. 80.2 í byggingarreglugerð nr. 441/1998 m.s. breytingum.

Þetta gildir jafnframt fyrir þær íbúðir sem á jarðhæð eru.

Aðalhönnuður byggingarinnar sýndi ekki staðsetningu póstkassa á þeim aðaluppdráttum sem samþykktir voru af húsinu þann 26. júlí 2005 og við lokaúttekt byggingarinnar hefur úttektarmanni yfirsétt að póstkassana vantaði og fékk byggingin því lokaúttekt þrátt fyrir að þennan búnað vantaði.

Það breytir ekki ábyrgð aðalhönnuðar og byggingastjóra á því að póstkassana vantaði en þeim ber að fara eftir byggingasamþykktum við framkvæmd verksins, sbr. ábyrgðarsvið sín og með vísan til 17. og 32. greinar í fyrrnefndri byggingarreglugerð.“

Með hliðsjón af ofangreindu álit byggingarfulltrúans í Reykjavík taldi PFS að ÍSP hafi verið heimilt að senda íbúum viðkomandi fjölbýlishús bréf þess efnis að þeir kæmu fyrir bréfastassamstæðu á jarðhæð í samræmi við tilvitnað ákvæði byggingarreglugerðarinnar. Stofnunin taldi þó rétt að vekja athygli kvartanda á ákvæðum þágildandi skipulags og byggingalaga nr. 73/1997, einkum 1. og 5. mgr. 8. gr. sem mælir fyrir um að stjórnvaldsákvæðanir stjórnarsýslu sveitarfélaga sæti kærur til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála og að hægt væri að bera álit byggingarfulltrúans í Reykjavík með einhverjum hætti undir nefnda úrskurðarnefnd.

Ákvörðun PFS var kærð til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála og með úrskurði nefndarinnar nr. 5/2010 staðfesti nefndin ákvörðun stofnunarinnar með eftirfarandi orðum:

„Hin kærða ákvörðun er sem fyrr segir byggð á túlkun byggingarfulltrúa á umræddu ákvæði byggingareglugerðar. Úrskurðarnefnd tekur undir með PFS að það sé ekki á valdsviði PFS, né heldur úrskurðarnefndar, að túlka eða skýra ákvæði byggingareglugerðar og meta hvort einstök hús uppfylli ákvæði hennar eða ekki.

Með vísan til framangreinds, sem og forsenda hinnar kærðu ákvörðunar að öðru leyti, verður hún því staðfest.

Úrskurðarnefnd telur þó undir vísan PFS til ákvæða laga um skipulags og byggingarmál nr. 73/1997 og hugsanlega möguleika á því að bera umrætt álit byggingarfulltrúans í Reykjavík með einhverjum hætti undir úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála.“

3.2. Umsögn byggingarfulltrúans í Hafnarfirði

Í umsögn byggingarfulltrúa er að finna lýsingu á því fyrirkomulagi sem er til staðar í þeim fjölbýlishúsum sem um er að ræða og því lýst með tvennum hætti. Undir lok bréfsins dregur byggingarfulltrúi eftirfarandi ályktun:

„Af framangreindri lýsingu er ljóst að í umræddum húsum er ekki „*sameiginlegt aðalanddyri*“ og því ekki hægt að gera kröfu um að í húsunum verði komið fyrir bréfastassamstæðu skv. ofangreindu ákvæði byggingarreglugerðar. Verður ekki annað séð en að fyrirkomulag á staðsetningu bréfalúga í húsinu sé í fullu samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar.

Ekki verður séð að ofangreint fyrirkomulag hafi komið sérstaklega til skoðunar við framkvæmd lokaúttektar á eignunum, sbr. kafla 3.9 í byggingarreglugerð, að öðru leyti en að fyrirkomulagið hafi verið talið uppfylla ofangreint ákvæði byggingarreglugerðar.

Í bréfi PFS er óskað eftir álit Hafnarfjarðarbæjar á því hvar „*aðalanddyri*“ sé í viðkomandi fjölbýlishúsum í skilningi byggingarreglugerðarinnar. Í þessu sambandi skal fyrst bent á að samkvæmt ákvæðum byggingarreglugerðar er engin skylda að koma fyrir aðalanddyr á jarðhæð fjölbýlishúsa.

Að öðru leyti og með vísan til þess sem rakið hefur verið hér að framan er ljóst að í umræddum fjölbýlishúsum er ekki að finna sameiginlegan inngang né aðalanddyri.

4.

Niðurstaða

Eins og fram kemur hér að ofan aflaði PFS umsagnar hjá byggingarfulltrúanum í Hafnarfirði varðandi þær aðstæður sem uppi eru í þeim fjöleignarhúsum sem um er að ræða. Niðurstaða hans er að ekkert sameiginlegt anddyri sé í umræddum húsum og af þeim sökum sé ekki hægt að gera kröfu um að í húsunum sé komið fyrir bréfabassasamstæðu skv. ákvæðum byggingarreglugerðar. Jafnframt tiltekur byggingarfulltrúi að núverandi staðsetning á bréfalúgum, sem er á útidyráhurðum hvernar íbúðar fyrir sig, sé í fullu samræmi við ákvæði byggingareglugerðar.

Eins og rakið er hér að ofan virðist byggingarfulltrúi Reykjavíkur hafa komist að annarri niðurstöðu um túlkun á grein 80.2., en þar var niðurstaðan að íbúum væri skylt að koma fyrir bréfabassasamstæðu á jarðhæð fjölbýlishússins. Var sú túlkun lögð til grundvallar í ákvörðun PFS nr. 16/2010, sem og í úrskurði úrskurðarnefndar nr. 5/2010.

PFS lítur svo á að byggingarfulltrúinn í Reykjavík sem og í Hafnarfirði séu tvö hliðsett og sjálfstæð stjórnvöld hvers valdsvið eru landfræðilega afmörkuð eftir sveitarfélagamörkum. PFS tekur enga afstöðu til þess hvort um sé að ræða eitthvert misræmi í túlkun þessara stjórnvalda á ákvæðum byggingarreglugerðar og hvað mögulegar afleiðingar það kunni að hafa. Hins vegar er ljóst að PFS er í þessu máli skylt að leggja til grundvallar niðurstöðu byggingarfulltrúans í Hafnarfirði um túlkun á ákvæði gr. 80.2 í byggingareglugerð nr. 441/1998, sbr. reglugerð nr. 133/2002, sem byggingarfulltrúi telur að miða beri við.

Með hliðsjón af ofangreindu álit byggingarfulltrúans í Hafnarfirði telur PFS að ÍSP sé ekki heimilt að krefjast þess að íbúar komi fyrir bréfabassa á jarðhæð fjölbýlishúsanna að Engjavöllum 5a og 5b eins og krafist var af hálfu fyrirtækisins með bréfi, dags. 5. janúar 2017.

PFS telur rétt að vekja athygli aðila máls á hugsanlegum möguleika að bera álit byggingarfulltrúans í Hafnarfirði með einhverjum hætti undir úrskurðarnefnd skipulags og byggingarmála (Mannvirkjastofnun), sbr. umfjöllum í ákvörðun PFS nr. 16/2010, sbr. úrskurður úrskurðarnefndar nr. 5/2010.

Ákvörðunarorð

Fyrirkomulag við móttöku póstsendinga, að Engjavöllum 5a og 5b er í samræmi við gr. 80.2. í byggingarreglugerð nr. 441/1998, sbr. reglugerð nr. 133/2002, sem í gildi var þegar umrædd fjölbýlishús voru byggð.

Íslandspósti ohf. er því ekki heimilt að stöðva útburð til íbúa í viðkomandi heimilisfangi eins og boðað hafði verið með bréfi fyrirtækisins, dags. 5. janúar 2017.

Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi var kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar. Um kostnað vegna málskots fer samkvæmt 5. mgr. 13. gr. sömu laga, auk þess sem greiða ber sérstakt málskotsgjald að upphæð kr. 150.000, skv. 6. gr. reglugerðar nr. 39/2009 um úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála.

Reykjavík, 6 október 2017

Björn Geirsson, f.h. forstjóra

Friðrik Pétursson